

Það var ekki nema með köflum. Með því að gjörast þannig heimilismaður í Reykjavík fyrir sig og fjölskyldu sína, virðist enginn vafi á því, að stefndi verður að teljast hafa haft fast aðsetur í Reykjavík nefnt ár, og því verið þar skattskyldur, og það skiftir því ekki máli, hvort hann hefir verið þar sjálfur nærstaddur lengur eða skemur, en þetta atriði hefir verið látið ráða úrslitum í hinum áfrýjaða úrskurði. Það ber samkvæmt þessu að fella hinn áfrýjaða fógetaúrskurð úr gildi og skylda fógötann til að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð.

Málskostnað þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda, og ákveðst hann 25 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjadi fógeta-úrskurður skal úr gildi feldur, og ber fógötanum að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi Ólafur kaupmaður Árnason áfrýjandanum innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaadför.

Nr. 17/1912:

Réttvísinn  
 gegn  
 Bergþóri Björnssyni  
 og Sigríði Jónsdóttur.

#### D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Norðurmúlasýslu, uppkveðnum

27. nóv. f. á., voru hin ákærðu, Bergþór Björnsson áður bóndi á Giljum á Jökuldal og bústýra hans sýknuð af ákæru sóknarans í máli, er höfðað var, af réttvísinnar hálfu, gegn honum fyrir manndráp og sauðapjófnað og gegn henni fyrir verknað þann, er ræðir um í 195. eða 196. gr. hinna alm. hegningarlaga.

En varðhaldskostnað sinn og annan málskostnað voru hin ákærðu dæmd til að greiða in solidum.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdstjórnarinnar og eftir beiðni ákærða Bergþórs Björnssonar.

Þegar rannsókn var hafin í málinu í marz mánuði f. á., bjó ákærði Bergþór Björnsson á eignarjörð sinni Giljum á Jökuldal, og ákærða Sigríður Jónsdóttir var bústýra hans. Þau voru tvö ein á heimilinu, og annað fólk hafði ekki verið þar um veturinn. Arið 1909 höfðu þau átt barn saman, er fæddist ófullburða og dó skömmu eftir fæðinguna. Um haustið 1910 og fram eftir vetrinum þóttust nágrennar ákærðu verða þess varir af útliti hennar, að hún væri barnshafandi, en ekki löngu eftir nýárið virtist útlit hennar aftur breytt þannig, að hún væri orðin léttari. Þar sem þó eigi varð vart við neina fjölgun á Giljum, vaknaði sá grunur, að ákærða hefði alið barnið og fargað því, eða komið því undan með aðstoð eða í samráði við meðákærða. Um þetta atriði ákærunnar eru skýrslur málsins og upplýsingar aðallega framburður ákærðu, sem eins og fyr segir voru ein á heimilinu allan veturinn, en framburður þeirra fer eigi saman og er mjög sundurleitir í verulegum atriðum.

Eftir skýrslu ákærðu, Sigríðar Jónsdóttur, varð hún þunguð í 2. sinn af völdum meðákærða í sláttarbyrjun

eða í 14. viku sumars 1910. Þá um haustið mæltist hún til þess við hann, að hann tæki vetrarmann, til þess að hún þyrfti eigi að hirða kýrnar um veturinn, eins og hún væri á sig komin, eða að minsta kosti að lóga lömbunum, til þess að hann gæti bætt kúahirðingunni á sjálfan sig, en hann færðist undan hvorutveggja, svo að hún varð að hirða kýrnar auk innanbæjarstarfanna um veturinn. Ekki sagði ákærða öðrum en meðákærða frá því, að hún væri vanfær, en tjáist hinsvegar ekki hafa reynt að leyna því á nokkurn hátt.

Föstudagsmorguninn 9. des. var ákærða lasin og treysti sér ekki í fjósið, og beiddi Bergþór að gjöra fjósaverkin fyrir sig, en hann neitaði því, svo hún varð að gjöra þau sjálf. Að þeim loknum fór hún að þvo föt, og þá versnaði henni svo í bakinu og taugunum, að hún varð að leggja sig fyrir eftir miðdaginn; ekki datt henni þó í hug, að hún væri búin að taka léttasótt, enda átti hún ekki von á sér fyr en um sumarmál. Um kl. 6, þegar Bergþór kom inn, beiddi hún hann að ná í kvenmann, sem fengist hefði við ljósmóðurstörf, sér til aðstoðar, en hann færðist undan því og áleit, að verkir þeir, er hún kvartaði um, mundu líða frá aftur; kl. um 7 bjó hann um ákærðu og lét skinn undir hana í rúmið; beiddi hún hann þá enn að fara til næsta bæjar og útvega kvenmann til hjálpar, en hann færðist undan því af sömu ástæðum og áður. Eftir það elnaði henni sóttin og kom legvatnið nokkru síðar, og var Bergþór þá yfir henni. Um miðnætti kom frá ákærðu einhver »böggull« í mjög sárri kviðu og mikið blóð á eftir, heyrði hún þá eitthvað »snökt« og spurði Bergþór, sem var hjá henni og hjúkradi henni, hvað þetta væri, en hann sagði, að hana varðaði

ekkert um það, hún hefði enga ánægju af að sjá það, tók næturgagnið og lét það upp í rúmið, og fór það sem frá henni kom, í næturgagnið. Bæði þá um nóttina og morguninn eftir beiddi ákærða Bergþór að fara til næsta bæjar, til að útvega einhvern til að vera hjá sér, og sjá það, er af henni hefði fæðst, en hann neitaði því, og vildi ekki heldur lofa henni að sjá það eða segja henni, hvað það væri, sagði, að hún hefði þá ekki orð á því, ef hann segði henni það ekki, en sjálf var hún svo máttfarin að hún gat ekki reist sig til að aðgæta það, og Bergþór sagði henni, að hann hefði brent burðinn daginn eftir.

Þessari skýrslu ákærðu er nú framburður meðákærða mjög ósamhljóða. Hann þykist ekki hafa vitað með vissu, að Sigríður væri vanfær fyr en hún veiktist í desembermánuði, og hann kannast eigi við, að hún hafi beðið sig að taka vetrarmann þá um haustið, eða að hún hafi kvartað um lasleika um morguninn daginn sem hún veiktist. Í fyrstu prófunum hélt hann því fram, að eigi hefði komið annað en blóð frá Sigríði í veikindum hennar í desember, en síðar kannaðist hann við, að hún hefði fætt af sér ofurlitla barnsmynd, er ekkert lífsmark hefði verið með, og í síðustu prófum málsins breytti hann enn þessari skýrslu á þá leið, að lífsmark hefði verið með barnsmyndinni, það hafi hann ráðið af því, að fæturnir bærðust á barninu, er hann tók á móti því, en hann tók eigi eftir andardrætti eða hjartslætti, og barnið gaf ekki hljóð frá sér; hann skildi á milli og batt um naflastrenginn, laugaði barnið í volgu vatni, lét það innan í léreftsklút og þar utan yfir vaðmálsþjötlu, og lagði barnið í þessum umbúðum undir yfirsængina hjá móðurinni, til þess að það fengi hita af henni. Barnið lifði, að því er

ákærði ætlar, í lengsta lagi eina klukkustund eftir það, þá hættu að minsta kosti fæturnir að hreifast, og hvorki hann né móðirin gátu merkt neitt lífsmark með því. Nokkrum eftir það tók ákærði barnið úr rúminu frá móðurinni, lagði það til og lagði það á borð í baðstofunni; þar lá barnið þangað til um miðjan dag daginn eftir, þá lét ákærði það í ofninn í umbúðunum og brendi það, en með því að beinakögglar voru óbrunnir í öskunni, fór hann með þá fram í eldhús og brendi þá til ösku í hlóðunum ásamt fylgjunni. Barnið var rétt skapaður drengur og 3 merkur að þyngd, virtist honum og meðákærðu barnið vera svolítið og líflítið, að ekki væri einu sinni reynandi að næra það. Þau komu sér saman um að brenna barnið, álitu bæði, að það væri eigi saknæmt, vegna þess hve lítið það var og líflítið, en þau iðraði brátt þessa tiltækis og óttuðust, að þau hefðu gjört rangt. Þess vegna komu þau sér saman um að gjöra sem minst úr öllu og neita því, að Sigríður hefði alið nokkurt barn eða fóstur. Barnið kom svo löngu fyrir tímann, að hvorugu þeirra datt í hug, að fæðingin væri í nánd, og það var svo langt frá því, að ákærði óskaði að svona færi, að hann þvert á móti langaði til að eiga barn með Sigríði. Hann neitar því, eða minnst þess ekki að Sigríður hafi beðið sig að útvega hjálp, þegar hún veiktist, og hann hafði eigi grunum, að fæðing væri í nánd fyr en svo langt var komið, að hann mátti ekki yfirgefa Sigríði til að leita hjálpar.

Þó að framburður hinna ákærðu væri í fyrstu á annan veg í ýmsum atriðum heldur en framangreindar skýrslur þeirra, þá hafa þau að lokum hvort um sig haldið fast við þessar skýrslur, ítrekað þær, og haldið því fram hvort fyrir sig, að þar sem þeim bæri á milli, væri

skýrsla hins röng, en sín rétt. Aðrar upplýsingar um þetta kærutíði hafa ekki fengist; barnið eða fóstrið, sem ákærða ól, hefir eigi komið fram til rannsóknar, enda má gjöra ráð fyrir, eftir framburði hinna ákærðu, sem að því leyti er eigi ósamhljóða, að ákærði hafi brent það.

Með því að eigi er hnekt framburði ákærðu um það, að hún hafi orðið barnshafandi í 14. viku sumars 1910 og því eigi átt von á sér fyr en um sumarmál næsta ár, að hún hafi eigi reynt að leynd því að hún var vanfær, þó að hún hefði ekki orð á því við aðra en meðákærða, að henni hafi eigi dottið í hug, er hún veiktist í desember 1910, að það væri léttasótt, að hún, þegar hún fann að svo mundi þó vera, hafi beðið meðákærða að útvega hjálp, og að hún hafi engan þátt átt í meðferð hans á barninu eða samþykkt hana, þá verður það eigi talið sannað, að hún hafi alið barn í dulsmáli eða að öðru leyti farið óviðurkvæmilega að ráði sínu við barnsfarirnar, og verður því að sýkna hana af ákærinni í máli þessu.

Eftir þessu getur ekki verið spurning um, að ákærði verði álitinn meðsekur í brotum þeim, sem ræðir um í 195. gr. eða 196. gr. hegningarlögganna, og eftir framburði hans, sem fara verður eftir að því er til hans kemur, með því að annað er ekki sannað, verður eigi heldur litið svo á, að breytni hans við barnsfarir meðákærðu verði heimfærð undir neitt annað ákvæði í 17. kaþítula nefndra laga, og ber því að sýkna hann af ákærinni um manndráp.

Ákæran á hendur Bergþóri Björnssyni um sauðafjófnað er byggð á framburði meðákærðu einnar. Hún hefir haldið því fram við prófin, oft og eindregið, að ákærði hafi lógað og hagnýtt sér að ófrjálsum 7 kindur,

meðan þau bjuggu á Giljum; kveðst hún hafa verið fjarverandi, þegar hann tók þessar kindur og skar þær, en fundið slátrið, þegar hún kom heim, nema kindarhausana, þeim hafði hann, að því er hann sjálfur sagði henni, kastað í Jökulsá, sem rennur fyrir neðan túnið á Giljum, til þess að hún sæi ekki mörkin og gæti eigi komið upp um hann. Í fyrsta skifti hafi það verið á túnaslætti 1908, að hann hafi slátrað á og lambi og seinna um haustið 2 kindum veturgömlum; haustið 1909 hafi hann slátrað sauð, og að áliðnu sumri 1910 á og lambi. Ákærða segist hafa fundið að þessu við meðákærða og rifist við hann út af því, og eitt skifti hafa orðið svo reið, að hún hafi helt niður kindarblóðinu, þegar hún kom heim, en þá hafi hann slegið til hennar og atyrt hana fyrir að fara þannig með matinn. Ákærða kveðst þó annars hafa matreitt slátrið úr hinum stolnu kindum, því að hún hafi eigi þorað annað fyrir Bergþóri, og hún hafi eigi heldur þorað að kæra hann eða álitid það til neins, þar sem hún gat eigi sannað neitt upp á hann, en vissi, að hann mundi þræta. Að kindurnar hafi verið stolnar segist hún vita bæði af því, að ákærði bar ekki á móti því, af því að hann fleygði kindarhöfðunum í ána og af fjártölu þeirra á haustin.

Ákærði hefir stöðugt og afdráttarlaust neitað þessum framburði meðákærðu, fullyrt að hann sé gjörsamlega rangur og staðhæft, að hann hafi enga kind tekið að ófrjálssu og engri kind slátrað á Giljum, svo að meðákærða væri eigi við og hjálpaði til. Með því að engar aðrar skýrslur eru framkomnar í málinu um að ákærði hafi gjört sig sekan í sauðþjófnaði, verður einnig að sýkna hann af þeirri ákæru.

Yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði aukaréttar-  
dómsins, og ber því samkvæmt framansögðu að staðfesta  
þennan dóm í öllum greinum.

Allan áfrýjunarkostnað málsins þykir eftir þessum  
úrslitum eiga að greiða af almannafé, þar með talin mál-  
flutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfir-  
dóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið  
vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Allur áfrý-  
junarkostnaður málsins, þar með talin málflutnings-  
laun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirdóms-  
málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts  
Claessens, 15 kr. til hvors þeirra, greiðist af al-  
mannafé.

Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá  
birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaðför.

Nr. 7/1912.

Gunnar Egilsson  
gegn  
Birni Kristjánssyni.

#### D ó m u r :

Í grein með fyrirsögn »Bankarannsóknarnefndin m.